

Borgarstjórn
19. september 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lifandi umferðarupplýsingar

Borgarstjórn samþykkir að vísa því til umhverfis - og skipulagsráðs að gera borgarbúum kleift að skoða lifandi upplýsingar um umferð á helstu stofnleiðum borgarinnar á vef borgarinnar eða í sérstöku smáforriti. Ferðatími á annatíma í borginni er gríðarlega misjafn og getur jafnvel tekið hátt í klukkutíma að fara frá Grafarvogi niður í miðbæ á mesta álagstíma. Eins mætti á þann hátt skila mikilvægum upplýsingum um tafir vegna viðgerða eða lokana. Mikilvægt er að aðstoða fólk við að sjá þessar upplýsingar á aðgengilegan hátt svo það í auknum mæli taki ákvarðanir um að forðast mesta álagstímamann og nota ætti öll tiltæk ráð til þess.